

Alþingi
Erindi nr. P 138/821
komudagur 18.12.2009

Frá Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum

Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsfræðslu

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum vill í upphafi taka fram að hann telur þau markmið og áherslur sem fram koma í frumvarpinu og athugasemdunum vera jákvæð og horfa til framfara. En áður en samþykkt verða lög um fimmtu grunnstoð menntakerfisins er vert að nefna að framhaldsskólarnir gegna nú þegar mikilvægu hlutverki í menntun þeirra einstaklinga sem lögin taka til. Þegar farið er yfir markmið og áherslur frumvarpsins þá er ljóst að framhaldsskólarnir í landinu gætu annast það nánast allt.

Þrátt fyrir að frumvarpið taki að mestu til þess náms sem er utan formlega skólakerfisins þá er kveðið á um í 5. gr. að hægt skuli að meta nám sem skilgreint er sem framhaldsfræðsla til eininga innan hins almenna skólakerfis. Einnig er tekið fram í inngangi við greinagerð frumvarpsins að í skýrslu verkefnisstjórnar um símenntun sé lagt til að fræðsluaðilar fái greidd nemendaígildi með þeim nemendum sem kjósa að nýta sér annað tækifæri til nám. Þetta hljómar eins og nýtt framhaldsskólakerfi eigi að verða til, en þó án flestra skilyrða sem núverandi framhaldsskólar verða að uppfylla, eins og kennsluréttindi kennara, lágmarksstærðir námshópa, skyldur við nemendur, upplýsingaskil til ráðuneytis og hagstofu ofl ofl.

Í greinagerð með frumvarpsinu kemur fram að opinber framlög vegna þessa málaflokks hafa aukist verulega undanfarin ár og er gert fyrir enn meiri aukningu. Á sama tíma er verið að skera niður framlög til framhaldsskólanna. Niðurskurður til öldungadeilda og fjarnáms er 50%, ljóst er að með því er verið að þrengja verulega möguleika þeirra sem vilja leggja stund á framhaldsnám og eru komnir yfir þann aldur sem fræðsluskyldan nær yfir. Við teljum að ekki verði ódýrara að mennta þetta fólk í einhverju „nýju framhaldsskólakerfi“. Niðurskurður í framhaldsskólum á árinu 2010 er 1100 milljónir, sem er eilítið lægri upphæð en veita á úr ríkissjóði í rekstur þessa „framhaldsfræðslakerfis“.

Í ljósi þess vakna þær spurningar hvort framhaldsskólar sem eru starfandi á hverju landssvæði séu ekki best til þess fallnir til að sinna framhaldsfræðslu. Í greinagerð með frumvarpinu eru felld úr gildi lög um starfsfræðslu í fiskvinnslu og eru rökin þau að tilgangur þess sé að koma í veg fyrir tvíverknað og óþarfa kostnað sem honum fylgir og eru þá talin upp nokkur atriði, utanumhald, þróunarvinnu, þarfagreiningu, námskrávinnu, námsefnisgerð og kennslu á sviði framhaldsfræðslu. Sömu rök eiga við ef færa á nám sem þegar er til staðar í framhaldsskólunum til annarra aðila. Það verður að tryggja að fjármagninu sé sem best varið og ekki sé um að ræða tvíverknað í skólakerfinu.

Við skoðun á frumvarpinu vaknar einnig sú spurning hvort fulltrúar vinnumarkaðarins, ASÍ, SA og BSRB eigi að fara með meirihluta í fyrirhuguðum fræðslusjóði, því þessir aðilar eru eigendur eða stórir aðilar að símenntunarstöðvunum og öðrum fræðsluaðilum sem sækja munu í sjóðinn, þannig að þeir ráða beggja megin borðs, sem ekki hefur verið talið gott hingað til. Það er heldur ekkert minnst á hvort áður nefndir aðilar ætla að koma að fjármögnun þessa verkefnis og þá hvernig.

Með því að breyta 5 gr. laga um framhaldsskóla, en í þeirri grein er fjallað um skipun skólanefnda þá væri hægt að skipa þar inn fulltrúa atvinnulífsins jafnt fyrirtækja og launafólks. Þannig væri tryggt að þau markmið sem fræðslusjóðnum er ætlað að ná, utan núverandi skólakerfis, náist jafnvel, en á mun hagkvæmari hátt en lagt er upp með í frumvarpi því sem liggur fyrir.

Okkar niðurstaða er að þetta mál þurfi meiri skoðun og mælum við ekki með samþykkt frumvarpsins.

Vestmannaeyjum 18. desember 2009 Ólafur H. Sigurjónsson skólameistari.